

## Fundargerð hreppsnefndar 15. nóvember 2018

Fundur nr. 12 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. nóvember 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl 16:00.

Mætt til fundar: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Bjartur Aðalbjörnsson, Bárður Jónasson, Ragna Lind Guðmundsdóttir, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Baldur Kjartansson, skrifstofustjóri, og Þór Steinarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

a. Fundur Finnfjarðarnefndar 29.10

Fundargerð nefndarinnar kynnt. Fært í trúnaðarbók.

b. Fundur framkvæmdarstjórnar Skólaskrifstofu Austurlands 31.10

Fundargerð lögð fram. Lagt til að Teitur Helgason verði varamaður sveitarstjóra í stjórn SKA. Samþykkt samhljóða.

c. Fundur Skipulags- og umhverfisnefndar 13.11

1. Aðalskipulag – námur

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu á aðalskipulagi er varðar efnistökusvæði.

2. Aðalskipulag – Fuglastígur

Breyting á aðalskipulagi um aðalstíga samþykkt með fyrirvara um breytingu á leið sem liggur um land Leiðarhafnar. Breyting á aðalskipulagi um fuglaskoðunarhús samþykkt með fyrirvara um að svæðið norðanmegin á Tanganum verði stækkað. Samþykkt samhljóða.

### 3. Aðalskipulag – landbúnaðarsvæði

Samþykkt aðalskipulagsbreyting sem varðar frístundahús á landbúnaðarsvæðum. Hún feli í sér að leyfilegt sé að byggja allt að 5 stök frístundahús á lögbýlum auk aðstöðu fyrir ferðaþjónustu þar sem aðstæður leyfa svo fremur sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 2.500 fermetra. Ný hús skulu nýta sömu heimreið og lögbýli, ekki skal fjölga tengingum við þjóðveg. Gott ræktunarland skal ekki nýta undir frístundahús nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til þess. Samþykkt samhljóða.

### 4. Aðalskipulag – Verndarsvæði í byggð

Lagt til af fulltrúum Samfylkingarinnar að Hafbliksbryggju verði bætt við verndarsvæðið. Samþykkt með fjórum atkvæðum Bjarts Aðalbjörnssonar, Björns Heiðars Sigurbjörnssonar, Sigríðar Bragadóttur og Rögnu Lindar Guðmundsdóttur. Á móti Teitur Helgason, Axel Örn Sveinbjörnsson og Bárður Jónasson

Tillagan samþykkt að öðru leiti með 6 atkvæðum Bjarts Aðalbjörnssonar, Björns Heiðars Sigurbjörnssonar, Sigríðar Bragadóttur, Rögnu Lindar Guðmundsdóttur, Axels Arnar Sveinbjörnssonar og Bárðar Jónassonar. Á móti Teitur Helgason.

### 5. Deiliskipulag hafnarinnar

Deiliskipulagstillaga fyrir miðsvæði hafnarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerð nefndarinnar samþykkt að öðru leyti.

## 2. Almenn mál

### a. Hreindýragarður í Vesturárdal – kynning frá Birni Magnússyni

Sveitarstjórn tekur jákvætt í að rannsakaðar verði forsendur fyrir því að koma upp hreindýragarði á Vopnafirði og fagnar því ef hægt er að byggja upp ferðaþjónustu á þeim forsendum sem standast kröfur stjórnvalda. Samþykkt samhljóða.

### b. Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2019

Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2019-2022 lögð fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og lykiltölum hennar. Samþykkt samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu. Ákveðið að halda tvo vinnufundi fram að því.

## 3. Bréf til sveitarstjórnar

a. Frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu um nýja reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjóri kynnir fyrirhugaðar breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sveitarstjóra falið að senda inn umsögn um reglugerðina.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 19:03.

[Fundargögn á heimasíðu.pdf](#)